

ÍSLENSK STRANDMENNING Á ÖLDUM LJÓSVAKANS

– Pétur Halldórsson

Síðla sumars árið 2005 bauðst mér að fara í stórskemmtilega og fróðlega Noregsferð sem Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Vitafélagsins, stýrði. Norðmenn, Færeyingar og Íslendingar unnu þá saman að strandmenningarverkefni sem kennt var við hafið, sildina og víkingana en ferðin var skipulögð fyrir fjölmiðlafólk svo það gæti kynnt fyrir lesendum, hlustendum eða áhorfendum ýmislegt áhugavert sem Norðmenn hefðu af stórhug gert til að varðveita og sýna strandmenningu sína, gamla og nýja.

Farið var um Sogn- og Firðafylki þar sem geysimiklar minjar eru um gamla tíð, ótal vitar sem nýttir eru í ferðapjónustu, gömul þorp, jafnvel eyðibýggðir þar sem ferðamennska er á sumrin, ýmislegt sem tengist

siglingum og bátum, matarmenning og svo framvegis. Þarna eflidist mjög áhugi minn á strandmenningu og kannski skildi ég þarna fyrst hvað í hugtakinu fælist. Mjög mikið efni fékk ég í útvarpsþætti úr þessari ferð og var það aðallega sent út í þættinum *Vitt og breitt* á Rás 1.

Þegar vefurinn www.fishernet.is var formlega opnaður í apríl 2010 fékk ég þá hugmynd að gaman væri að setja þar inn hljóðefni til viðbótar við texta og ljósmyndir. Frásagnir fólks við ströndina myndu falla vel að markmiðum vefsins um að kynna og varðveita íslenska strandmenningu. Ég stakk meira að

segja upp á því við Sigurbjörgu að búin yrði til staða fyrir mig hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og ég gæti einbeitt mér að svona verkefnum. Það var nú kannski fullstórt skref til að taka enda stofnanir ekki burðugar þessi árin til að fjölga hjá sér starfsfólki. Niðurstaðan var hins vegar sú að ég myndi vinna útvarpsþætti sem nýtt yrði á Rás 1 en einnig sett inn á *Fishernet-vefinn*. Þegar Menningarsjóður útvarpsstöðva auglýsti til umsóknar styrki til útvarpsþáttagerðar stakk ég upp á að sótt yrði um styrk til þessa verkefnis svo greiða mætti ferðakostnað og annan tilfallandi kostnað við þessa vinnu. Styrkurinn fékkst, 300.000 krónur, og ég hef unnið að þessu verkefni af og til frá haustinu 2010. Sigrún Stefánadóttir, dagskrárstjóri Ríkisútvarpsins, gaf leyfi til að allt efni sem Ríkisútvarpið kynni að hafa höfundarrétt á mætti birta á Fishernet-vefnum.

Hingað til hef ég sótt efni á Siglufjörð, Akureyri, Grenivík, Húsavík, Þórshöfn, Borgarfjörð eystri, Seyðisfjörð, Grindavík, Stokkseyri og Snæfellsnes en fjölmargir staðir fleiri koma við sögu því viðmælendur hafa sumir komið víða við, búíð eða starfað á öðrum stöðum við sjávarsíðuna. Þannig eru komnar í sarpinn sögur af vitum við Siglunes og Dalatanga, síld á Raufarhöfn, eyðiborpið á Skálum á Langanesi, Djúpuvík á Ströndum og fleiri og fleiri. Fleiri ferðir verða farnar, meðal annars vestur á firði og vonandi víðar. Upphaflega átti að gera tíu útvarpsþætti úr þessu efni en þeir verða að minnsta kosti tuttugu og sennilega fleiri enda efnið ótæmandi brunnur. Þættirnir *Víð sjávarsíðuna* eru á dagskrá Rásar 1 á laugardagsmorgnum klukkan 8.05 en þeir verða aðgengilegir í heild á hlaðvarpi Ríkisútvarpsins auk þess sem heyra má efni úr þeim á Fishernet-vefnum



Fréttabréf

Íslenska Vitafélagið

2. tbl. 2011

- félag um íslenska strandmenningu

Eftir viðburðaríkt sumar bretta nú stjórnarmenn Íslenska vitafélagsins - félags um íslenska strandmenningu upp ermar og undirbúa vetrardagskrána. Að venju er það Sjóminjasafnið Víkin í Reykjavík sem er okkar helsti samstarfsaðili og þar verða fræðslukvöldin haldin í vetur undir yfirskriftinni, Spegill fortíðar – silfur framtíðar Það fyrsta verður miðvikudagskvöldið 5. október kl. 20:00 undir yfirskriftinni Menning og mannréttindi sjávarbyggða með tveimur frábærum fyrirlesurum, Niels Einarssyni og Lindu Maríu Ásgeirsdóttur. Vorinu ætlum síðan að fagna í maí með báta- og strandmenningadegi við Faxaflóa. Dagskráin er í smíðum og ef veður leyfir þá verður laugardagurinn 19. maí fyrir valinu og er ætlunin að fá sem flesta bátaeigendur til að sigla um flóann þennan dag. Dagskrá vetrarins fylgir með þessu Fréttabréfi og vonandi sjá félagsmenn sér fært að mæta vel.

Síðustu ár hefur félagið staðið fyrir dagskrá á landsbyggðinni í samvinnu við heimamenn. Nú er röðin komin að Vestfjörðum og er undirbúningur að málþingi og fl. þegar hafinn og stefnt að því að halda dagskrá á Ísafirði í apríl.

Ef félagsmenn, eða aðrir velunnarar félagsins óska eftir samstarfi t.d. í formi fræðslukvölds eða dagskrár, hafa tillögur að fyrirlesurum eða efni, þá tekur stjórn Vitafélagsins öllum ábendingum fagnandi.

Vonandi hafa flestir félagsmenn heyrt minnst á norrænu strandmenningahátíðina sem haldin var á Húsavík í júlí síðastliðnum undir heitinu Sail Húsavík – norræn strandmenningarhátíð. Hugmyndin að hátíðinni er komin frá Íslenska vitafélaginu og er fyrsta strandmenningarhátíð sinnar tegundar, þar sem norræn grasrótarfélög á þessu sviði sameina krafta sína til að miðla þekkingu og reynslu, mynda tengsl og til að skemmta sér og öðrum. Á hátíðinni var þátttaka

Norðmanna áberandi en þeir mættu á Húsavík með 11 báta, þrjár sýningar, handverksfólk og fræðimenn og Ms Sjökurs, sem líkja má við Gullfoss og var eins og norræn félagsmiðstöð þessa daga.

Næsta hátíð verður haldin í júlí 2012 í Ebeltoft í Danmörku og er undirbúningur í fullum gangi þar sem og á Íslandi og hjá hinum norrænu strandmenningarfélögum. Vitafélagið mun halda utan um og skipuleggja þátttöku Íslendinga. Hafir þú áhuga á þátttöku og/eða ert með hugmyndir um framlag á hátíðinni í Danmörku þá hafðu endilega samband við okkur sem fyrst.

Á næstunni munum við gera skil einhverjum af þeim 20 fyrirlesturum sem haldnir voru á málþingunum á Húsavík, en þeir voru alfarið skipulagðir af Íslenska vitafélaginu og er ætlunin að gefa þá út á prenti nú í vetur.

Félagið minnir einnig á heimasíðuna þar www.vitafelagid.com þar sem grein er gerð fyrir starfsemi félagsins, hægt að ganga í félagið og einnig hægt að sjá nöfn stjórnarmanna. Íslenska vitafélagið er nú komið með Fésbókarsíðu þar sem ætlunin er að skrá viðburði og annað sem máli skiptir. Ættu flestir félagar að gerast vinir og fá fréttir sem settar eru á Fésbókarsíðuna.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest í vetur.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður



Frá Sail Húsavík

„DRAUMUR GETUR ALDREI ORÐIÐ AÐ VERULEIKA, NEMA ÞÚ RÍSIR UPP ÚR SÓFANUM...“ – Evar Sigdórsson

Hornbjargsvitaævintýrið var aldrei planað né undirbúið, þetta bara gerðist

Ég hafði svo sem fundið fyrir lönguninni áður, finna eyðibýli þar sem fólk hafði áður búið og endurreisa staðinn, byggja upp húsinn og finna hvað það var sem dró fólk upprunalega á þennan tiltekna stað. Og svo vorum við þarna, í Látravík sumarið 2004 og ég eignaði um, hugsaði um vitaverðina og fjölskyldur þeirra, hvar voru uppáhaldsstaðir barnanna? Hvar er lautin sem rómantíkin blómstraði í? Hvar dó tiltekinn vitavörður? Og á heimleiðinni kviknaði hugmyndin sem síðan varð að ævintýri.

Þegar við hófum reksturinn á Hornbjargi, í júní 2005, voru engar væntingar með ágóða. Við ætluðum okkur að verða rík, rík af minningum og reynslu og gefa börnum okkar og barnabörnum tækifæri til að sjá og skilja þennan stað. Allt annað yrði bónus, engum datt í hug að það gæti orðið peningalegur hagnaður af ævintýrinu.

Fyrstu 3 árin var þetta alveg eins og við vildum hafa þetta, ekkert allt of margir gestir, við auglýstum ekkert en samt varð aukning frá ári til árs. Skemmtilegasta svar mitt til solumanna sem hringdu reglulega í með tilboð um auglýsingar var: „Því miður má ég ekki auglýsa, það er allt fullbókað og auglýsing kemur okkur bara í enn meiri vandræði, því miður!“ Þetta var auðvitað bara hálf sannleikur, við vildum ekki fleiri gesti!



Una Lilja Eiríksdóttir við Hornbjargsvita

Síðan gerðist það árið 2009 að allt varð vitlaust, allir vildu gistingu í Hornbjargsvita og ég reyndi sem ég gat að verða við óskum sem flestra, hrúnið skolið á og allir vildu ferðast innanlands! Þetta sumar líður okkur hjónum seint úr minni, við komumst tvisvar út að ganga saman, allt sumarið! Það var alltaf fólk í húsinu, fólk sem vildi ekki, nennti ekki eða gat ekkert gengið, var bara á „Hornströndum“, „been there, done that!“ Sumir sáu bara húsið.

Allt í einu vorum við orðin föst í stanslausri 24 stunda vinnu, maður var kominn á vertíð og ég gat ekki sofið. Ég var líka í starfi næturvarðarins! „Ég varaði þig við“ sagði konan mín, án samúðar

þegar ég kvartaði við hana, „þér var nær!“ Eftir þetta sumar var passað vel upp á bókanir og við fengum nægan tíma fyrir okkur næsta sumar, sigldum og veiddum utan kvóta, gengum á fjöll og nutum lífsins.

Auðvitað eru svona aðfarir handónýtar, rekstrarlega séð. En reksturinn átti ekki að skila peningalegum hagnaði í upphafi, þetta átti að verða ævintýri! Svo að við ákváðum að halda upphaflegri áætlun og vera á staðnum, fyrir okkur. Þetta reyndist vera rétta formúlan, passlega margir í húsi, allir sendir út að ganga og síðan vorum við rokin á sjó eða fjöll. Á kvöldin komu allir glaðir í hús, við glöddumst með gestum okkar, sögðum þeim sögur og bentum á gönguleiðir og staði. Þannig fundum við þetta jafnvægi í svona rekstri, ef ég er ekki glaður og óþreyttur, get ég ekki miðlað neinu áfram, hver þolir fúlan og úrillan gestgjafa? Það er eiginlega ekki hægt að lýsa þessu landsvæði og hvernig það er að reka þarna gistiskála í 6 vikur á ári.

Hornbjargsviti er í miðju friðlandi, þarna er í dag allt til að svona rekstur geti gengið. Við byggðum þetta smátt og smátt upp úr engu, með ómetanlegri hjálp vina og kunningja sem komu með á hverju ári. Nú er þarna gistiskáli með öllum búnaði, þarna er vatnsvirkjun sem sér staðnum fyrir raforku, það örstutt að ganga á sjálft Hornbjarg, í næstu vikum eru staðir, svo fallegir að fólki verður orða vant. Eins vistvænt og sjálfbært sem hugsast getur.

Þarna er íslensk náttúra fögur og öfugafull. Þegar norðaustan stormurinn beljar, svo það hriktir í þessu rúmlega 80 ára gamla húsi og sjórinn æðir upp að ströndinni til að berja klappirnar, þá er fallegt á Hornströndum. Þarna er líka fallegt þegar sólin skín og hitamælirinn fer í tveggja stafa tölu, bara allt öðruvísi fallegt, minnir meira á suðræn lönd. Þú verður að vera á staðnum til að skilja þetta.

Það eru víða staðir við strendur landsins sem biða eftir fólki með drauma, staðir sem geta fullnægt þrá einhvers til að gera eitthvað fyrir sig og jafnvel aðra í leiðinni. Það eru eyðibýli, eyðijarðir, staðir með sögu og minningar meðfram allri strönd Íslands, staðir sem biða.

„*Víti menn...*“ var okkar slagorð, en það mega menn vita, að ekkert gerist, öngvir draumar rætast, nema þú rísir upp úr sófanum!



Við Hornbjarg


www.vitafelagid.com

DALATANGAVITI HINN ELDRI – Magnús Skúlason

Fyrsti viti á Íslandi var byggður á Reykjanesi árið 1878 og var um hríð sá eini á öllu landinu. Samgöngur voru hins vegar miklar milli Noregs og Íslands á þessum tíma einkum vegna mikilla umsvifa Norðmanna í hvalveiðum og seinna síldveiðum. Skipaumferðin var eðlilega einkum til Austfjarða og Norðurlands en þar voru þá engir vitar.

Á Seyðisfirði bjó þá norskur kaupmaðurinn og útgerðarmaðurinn Otto Wathne, stundum nefndur faðir Seyðisfjarðar. Honum rann til rifja þessi sára þörf fyrir vita á svæðinu, beið því ekki boðanna og lét því byggja vita fyrir eigin reikning á Dalatanga sem er milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar.

Danska vitamálastofnunin styrkti framkvæmdina með því að láta í té steinolíulampa og spegil sem verið höfðu í vitanum á Sletterhage í Danmörku. Gera má ráð fyrir stofnunun hafi einnig séð um um teikningar af vitanum en Landsjóði var falið að reka vitann. Vitahúsið er steinhlaðið og byggt 1895 og stendur enn lítið breytt og telst elsti viti landsins og er nú friðaður. Hann var í notkun til ársins 1908 þar til nýr viti var byggður á staðnum. Þá voru ljóstækin fjarlægð og sett í nýjan vita sem byggður var á Brimnesi við Seyðisfjörð.



Dalatangsviti hinn eldri